

## Minnispunktur

### Aðgerðastjórn á Vesturlandi og almannavarnanefnd Vesturlands

Fundartími: 5. ágúst 2020 kl. 11:40

Fundarstaður: Teams.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi boðaði til fundarins 4. ágúst 2020 til að fara yfir stöðu mála vegna COVID-19 faraldurs.

Mætt eru:

Af hálfu lögreglustjórans á Vesturlandi:	Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri Jón Haukur Hauksson staðgengill lögreglustjóra Jón S. Ólason yfirlögregluþjónn Emil Sigurðsson starfsmaður almannavarna
Af hálfu Akraneskaupstaðar:	Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri
Af hálfu Hvalfjarðarsveitar:	Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri
Af hálfu Skorradalshrepps:	Árni Hjörleifsson oddviti
Af hálfu Borgarbyggðar:	Þórdís S. Sigurðardóttir sveitarstjóri
Af hálfu Eyja- og Miklaholtshrepps:	Eggert Kjartansson oddviti
Af hálfu Snæfellsbæjar:	Kristinn Jónasson bæjarstjóri
Af hálfu Grundarfjarðarbæjar:	Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri
Af hálfu Helgafellssveitar:	
Af hálfu Stykkishólmsbæjar:	Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri
Af hálfu Dalabyggðar:	Kristján Sturluson sveitarstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar:	
Af hálfu Slökkviliðs Borgarbyggðar:	Bjarni K. Þorsteinsson slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Dalabyggðar:	
Af hálfu Slökkviliðs Grundarfjarðarbæjar:	Valgeir Þór Magnússon slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Snæfellsbæjar:	Svanur Tómasson slökkviliðsstjóri
Af hálfu Brunavarna Stykkishólms og nágrennis	
Af hálfu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi:	
Af hálfu HVE:	Þórir Bergmundsson umdæmissóttvarnalæknir Þórður Ingólfsson svæðissóttvarnalæknir
Af hálfu RKÍ:	Haukur Valsson
Af hálfu svæðisstjórna björgunarsveita:	Einar Þór Strand á svæði 5

Úlfar setti fund, bauð fundarmenn velkomna.

#### 1. Staðan hjá HVE 5. ágúst 2020

##### Þórir:

Fer yfir stöðu í umdæminu, sjá töflu. Töluverðar breytingar þessa dagana og seinustu vikur. Eitt sýni greindist jákvætt í gær á Akranesi. Smit talin 96 á landinu öllu. Þórir búinn að hvetja til þess að farið verði í skimun í Ólafsvík. Enginn innlögn núna á sjúkrahúsi eða alvarlega veikur.

Staður, heilsugæslustöð	sóttkví	greindir	einangrun	fjöldi	sýni á bið
-------------------------	---------	----------	-----------	--------	------------

				<b>sýna</b>	
Búðardalur	0	1	0	24	2
Reykholar (Hg. Búðardal)	0	0	0	11	1
Stykkishólmur	0	5	0	106	16
Grundarfjörður	11	1	0	43	3
Ólafsvík	26	2	1	56	6
Borgarnes	3	24	1	375	29
Akranes	4	22	8	352	0
<b>Samtals</b>	<b>51</b>	<b>96</b>	<b>11</b>	<b>1207</b>	<b>60</b>

**Þórður:** Hafði ekki við miklu að bæta. Segir þó töluvert af kvefsýkingum í gangi og því er verið að taka töluvert af sýnum til öryggis.

## 2. Staðan hjá sveitarfélögum

Kristinn þakkar Úlfari og Þórði fyrir samvinnu síðastliðnu helgi og fer yfir stöðuna í Snæfellsbæ. Segist hafa samband við unga manninn sem er í einangrun tvisvar á dag. Kristinn segir að margir eru í sóttkví núna, en fólki sé óljóst hvort lokadagur í sóttkví eigi að vera talinn með, þ.e.a.s. hvort sóttkví til ákveðins dags þýði að sá dagur eigi að vera í sóttkví eða hvort megi mæta til vinnu þann dag. Þórir segir lokadaginn vera síðasta dag sóttkvíar, megi fara til vinnu næsta dag. Kristinn spyr um æfingar, mega þeir sem búa saman æfa saman? Þórir segist ekki vita annað en hefðbundnar fótboltaæfingar eigi að liggja niðri. Þeir sem búa saman megi æfa saman. Hver fylgist með þessum einstakling sem er smitaður í Ólafsvík? Þórir segir að Covid göngudeildin sjái um eftirfylgd þeirra sem eru smitaðir. Haft er samband við fólk eftir aðstæðum, fer eftir ástandi þeirra. Kristinn segist hafa frétt um að 25 úr áhaldahúsinu séu í sóttkví og einhverjir fleiri úr fótboltanum, en tafla segir aðeins 26, og segist vita að það er verið að kalla inn fólk í skimun í gegnum Heilsuveru. Þórir svarar og bætir við að hann segist vona að farið verði í stóra skimun í Snæfellsbær.

**Sævar Freyr** – Þakkar Úlfari og HVE gott samstarf. Ánægja með skimun sem fór fram á Akranesi. Spyr hvort smitið sem kom upp í gær, hvort það tengist öðrum smitum. Þórir segir það ekki hafa verið svo, einstaklingurinn hafi verið á ferðalaga um landið og ekki sé vitað hvernig hann hafi smitast. Sævar Freyr segir að töluverður ótti hafi myndast í samfélaginu við fyrri smitin en þau hafi brugðist við því með tíðri upplýsingagjöf. Talar um að verið sé að skipuleggja t.d. aðlögun að leikskólum o.fl.

**Þórdís** – Ákveðið að loka líkamsræktarstöðvum til 7. ágúst nk. en ætla að meta þetta á næstu dögum. Hafa verið að huga að slökkviliðinu, hvort eigi að herða aðgengi að slökkvistöðvum í sveitarfélaginu.

**Árni** – Nefnir að þau hafi heyrt um að fólk hafi verið í sóttkví í sumarbústöðum í Skorradal. Spurning hvort þau eigi að bregðast eitthvað við. Úlfar telur ekki ástæðu til að hafa sérstaklega áhyggjur af þessu.

**Björg Ágústsdóttir** – Spyr hvort eitthvað eftirlit sé með því að fólk mæti í seinni skimun? Þórir segir að fólk eigi að panta sér tíma í seinni sýnatöku en annars er hringt í fólk. Mæting í seinni sýnatöku hefur verið mjög góð og þetta hefur ekki verið vandamál.

Þá spurði Björg um hvort fólk, sem er einkennalaust í sóttkví, geti beðið um sýnatöku? Þórir segir að stefnan hefur ekki verið að taka sýni af fólki sem er einkennalaust. Annað myndi skapa of mikið álag á greiningardeildina.

Björg leggur síðan til að sveitarstjórar hittist og ræði málin.

**Linda Björk** - Það hefur komið fram á upplýsingafundum að nú sé yngra fólk að greinast almennt á landinu. Spyr hvort þetta sé einnig staðan á Vesturlandi. Þórir segir það einnig vera raunin á Vesturlandi og greinir einnig frá því að veikindi eða einkenni séu vægari en í fyrstu bylgju.

### **3. Starfsemi AST**

Úlfar sagði frá að AST væri að funda vikulega en fundum myndi líklega fjölga núna aftur.

### **4. Næstu fundir**

Úlfar sagði frá því að AST myndi halda áfram fundum sínum og sveitarstjórar verði upplýstir eins og verið hefur.

Fundi slitið kl. 12:12.